

Vegna óvenjulegs ástands sem nú ríkir á heimsvísu hefur stjórn Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða samþykkt eftirfarandi reglur og tilmæli.

### **Fjallferð.**

Fjallmenn verða að vera einkenna lausir þegar farið er til fjalls. Þeir sem gefa kost á sér sem fjallmenn gera það á eigin ábyrgð.

Veikist fjallmaður í fjallferð ber honum að fara til byggða og óska eftir sýnatöku.

Sé viðkomandi sýktur ber honum að fara í einangrun. Þá ber einnig öðrum fjallmönnum að fara í sóttkví. Hópurinn gæti sótt um undanþágu til að ljúka leitum. Fjallmenn geta ekki tekið þátt í réttarstörfum komi upp sýking í þeirra hópi.

Afréttarmálafélagið og sveitarfélagið bera enga ábyrgð né kostnað komi upp smit í fjallferð. Sá kostnaður sem kann að verða af einangrun og tekjumissi ber fjallmaðurinn/einstaklingurinn sjálfur. Viðkomandi fjallkóngur ber að upplýsa sína fjallmenn um þær reglur og tilmæli sem eru í gildi vegna ástandsins.

Reglur þessar gilda um allar leitir nema annað verði tilkynnt.

Stjórn Afréttarmálafélagsins telur að húsakostur og aðbúnaður á afréttinum sé með þeim hætti að hægt sé að mestu leiti uppfylla gildandi sóttvarnarreglur.

Að öðru leyti er vísað til leiðbeininga vegna gangna og rétta vegna COVID-19 hættustigs Almannaþingarinnar sem nálgast má á heimasíðu Landsambands sauðfjárbænda.

### **Riðið á eftir safninu.**

Vegna þeirra fjöldatakmarkanna sem eru í gildi er mælt til þessa að fólk komi ekki á móti safninu þegar það verður rekið milli rétta föstudaginn 11.september.

Afrétturinn verður smalaður með eins fáum fjallmönnum og möguleiki er á.

Austurleit:

Klettaraar í austurleit - að lokinni smölun verða þeir keyrðir í Fossnes og gista þar og svo keyrðir aftur inn úr til að reka fram daginn eftir og síðan fara þeir heim að kvöldi fimmtudags.

Allir smalar fara heim á fimmtudagskvöld.

Vesturleit:

Fitjarmenn og Tangasmalar - Báðir hópar gista í Hallarmúla og til að auka svefnrými verður gamli kofinn gerður vistlegri til að hægt verði að gista í honum til að hafa rýmra um.

Allir smalar fara heim á fimmtudagskvöld.

Samþykkt á aðalfundi Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða 27.ágúst 2020